

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stakksbraut 9 ehf. Reykjanesbær



Dags eftirlits	13.7.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Stakksbraut 9 ehf.	Fulltrúi UST	Sigrún Ágústsdóttir
Heimili	Flugvallarbraut 752 (Eldvörp) Ásbrú	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6702120840	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Þórður Magnússon	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Rekstraraðili starfar samkvæmt nýju starfsleyfi sem gefið var út 3.júlí 2014 en starfsemi er ekki hafin. Í eftirlitinu voru gerðar athugasemdir við gagnaskil samkvæmt starfsleyfi. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er stefnt að gangsetningu í maí 2016. Í starfsleyfinu er kveðið á um að eftirfarandi gögn skuli liggja fyrir og vera samþykkt af stofnuninni, þ.e. áætlun um tímanlega og varanlega rekstrarstöðvun, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og vöktunaráætlun um ytri umhverfispætti. Í eftirlitinu óskaði stofnunin eftir uppfærðum gögnum þar sem tekið er tillit til athugasemda við fyrri tillögur. Auk þess benti stofnunin á að fyrrgreind gögn ásamt staðfestingu á tryggingu vegna bráðamengunar skuli liggja fyrir 12 mánuðum fyrir gangsetningu verksmiðjunnar. Fyrrgreind gögn hafa nú verið send í tölvupósti (13.ágúst sl.) og eru til skoðunar hjá stofnuninni. Stofnunin bendir jafnframt á að rekstraraðila ber að standa að fullnægjandi bakgrunnsrannsóknum á ástandi umhverfisins áður gangsetning hefst.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var í megindráttum eftirfarandi.

1. Nýtt starfsleyfi. Gagnaskil og skráningar
2. Mengunarvarnaráætlun og kröfur BAT (Best Available Technique) sbr grein 1.4 í starfsleyfi
3. Mæliáætlun fyrir innri vöktun skv grein 3.1 í starfsleyfi
4. Vöktunaráætlun skv grein 5.1 og 5.2 í starfsleyfi
5. Bakgrunnsrannsóknir í umhverfi verksmiðjunnar

Rekstraraðili starfar samkvæmt starfsleyfi sem gefið var út 3.júlí 2014. Samkvæmt reglugerð um mengunarvarnareftirlit fellur starfsemin undir eftirlitsflokk 1 og ber Umhverfisstofnun því að koma í reglubundið eftirlit að jafnaði tvisvar sinnum á ári.

1. Í upphafi var farið yfir fyrirkomulag eftirlits og heimasvæði fyrirtækisins á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Bent var á að drög að eftirlitsskýrslum eru send rekstraraðila að loknu eftirliti og honum gefið tækifæri á að gera athugasemdir, áður en þær eru birtar opinberlega á heimasíðu stofnunarinnar. Jafnframt var farið yfir hvernig úrbótum frávik er fylgt eftir, losunarmörk í starfsleyfi og tilkynningaskyldu til eftirlitsaðila. Tilkynningar til eftirlitsaðila skal senda á ust@ust.is. Rekstraraðili hefur sent inn drög að þessum áætlunum sem eru ófullnægjandi að mati stofnunarinnar. Staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar hefur ekki borist stofnuninni. Að lokum var farið yfir þau gögn og skýrslur sem rekstraraðili ber að standa skil á eftir að rekstur hefst, samkvæmt starfsleyfi.

2. Minnt var á kröfur BAT (Best Available Techniques) við mengunarvarnir. Rekstraraðili segir að þeir hafi kynnt sér BAT vel við hönnun verksmiðjunnar og að mengunarvarnir verði samkvæmt kröfum sem koma þar fram.

3. Mæliáætlun fyrir mælingar á losun verksmiðjunnar skal liggja fyrir amk 6 mánuðum fyrir gangsetningu en stofnunin hefur ekki fengið drög að henni til yfirferðar.

4. Drög að vöktunaráætlun hafa verið kynnt stofnunni og eru ekki fullnægjandi að mati stofnunarinnar. Írekuð var krafa stofnunarinnar um sameiginlega vöktun á Helgúvíkursvæðinu. Fyrirtækið getur sent inn áætlun sem gerir ráð fyrir tveimur möguleikum, vöktun mengunar frá Stakksbraut 9 annars vegar og vöktun mengunar í samstarfi við önnur stór iðjuver á svæðinu hins vegar. Athugasemdir við fyrirbyggjandi drög voru send í tölvupósti 17.júlí sl.

5. Rætt var um bakgrunnsrannsóknir í umhverfi verksmiðjunnar. Þær mælingar sem kynntar hafa verið stofnunni eru ófullnægjandi að mati stofnunarinnar sbr. bréf frá 18.júní sl.

Að lokum var farið í skoðunarferð á lóð. Byggingaframkvæmdir eru í fullum gangi. Rigning var á svæðinu svo ekki var vart við rykmengun vegna þeirra.

ATHUGASEMDIR

Samkvæmt rekstraraðila stefnir Stakksbraut 9 á gangsetningu í maí á næsta ári. Þar sem að áætlun vegna tímanlegrar og varanlegrar rekstrarstöðvunar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar og vöktunaráætlun hefur ekki verið samþykkt telur stofnunin þær fyrirætlanir um gangsetningu ekki raunhæfar. Fyrrgreindar áætlanir og staðfesting á tryggingu vegna bráðamengunar skal liggja fyrir 12 mánuðum fyrir gangsetningu. Bakgrunnsrannsóknir á loftgæðum þurfa að hafa staðið yfir í amk ár áður starfsemi hefst og þurfa að vera samanburðarhæfar við áframahaldandi vöktunarmælingar í umhverfi verksmiðjunnar.

ANNAÐ

Rekstraraðila ber að tilnefna tengilið fyrirtækisins við stofnunina sbr. grein 4.2 í starfsleyfi. Í tölvupósti frá 28.júlí sl. kemur fram að Þorvaldur Helgi Auðunsson verði tengiliður fyrirtækisins við eftirlitsaðila Umhverfisstofnunar.

Stofnunin óskar eftir uppfærðri tillögu að áætlun vegna tímalegrar og varanlegrar rekstrarstöðvunar og áhættumati og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. grein 4.4 í starfsleyfi, þar sem tekið er tillit til athugasemda sem koma fram í tölvupósti frá 30.júní 2014 og 14.júlí sl.

Stofnunin óskar eftir uppfærðri tillögu að vöktunaráætlun skv grein 5.1 í starfsleyfi, í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar við núverandi drög sem tilgreindar eru í tölvupósti til rekstraraðila frá 17.júlí sl.

Stofnunin óskar eftir staðfestingu á tryggingu vegna bráðamengunar sbr. grein 4.7 í starfsleyfi.

Rekstraraðili hefur óskað eftir endurskoðun losunarmarka kadmíums (Cd). Í því samhengi óskar stofnunin eftir að erindi þess efnis verði sent stofnuninni með nánari rökstuðningi fyrir endurskoðun losunarmarkanna í starfsleyfinu.

Reykjavík, 25.08.2015



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.